

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, vestan Fjarðarár, kirkjugarðurinn og túnin innan hans.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að svæði vestan Fjarðarár á túnunum innan við kirkjugarðinn sem skilgreint er sem „óbyggt svæði“ og svæði merkt „skipulagi frestað“, auk núverandi „opinna svæða til sérstakra nota“ breytast í „opin svæði til sérstakra nota“ (golfvöll og hesthúsabyggð) og landbúnaðarsvæði, auk þess sem afmörkun kirkjugarðsins breytist. Þá er einnig gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir sorpmóttöku og -flokkun, athafnasvæði fyrir vatnshreinsistöð auk óskilgreinds athafnasvæðis. Milli kirkjugarðsins og hesthúsasvæðisins er gert ráð fyrir svæði fyrir íbúðarbyggð.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2007